# Hvalamiðstöðin á Húsavík ses.

**kt. 460105-3740**

## Ársreikningur 2014

## Efnisyfirlit

bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar ........................................ | 2 |
| Áritun óháðra endurskoðenda ........................................ | 3 |
| Rekstrarreikningur ........................................ | 4 |
| Efnahagsreikningur ........................................ | 5 - 6 |
| Sjóðstreymi ........................................ | 7 |
| Skýringar og sundurliðanir ........................................ | 8 - 13 |



**Hvalamiðstöðin á Húsavík ses.**
kt. 460105-3740,
Hafnarstétt,
640 Húsavík.

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Markmið félagsins er að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali, lifríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Félaginu er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvölum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvölum, höfrungum og hnísum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar, þar á meðal; fræðslu um lífkeðjuna í sjónum, hafstrauma, fiskistofnana, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar, umgengni við auðlindina, hættur sem stafa af mengun, rannsóknir á lífríki sjávar og fleira. Einnig verslun með minjagripi og tengd starfsemi. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefnefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

## Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi félagsins verði með svipuðum hætti á árinu 2015 og á árinu 2014.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins.

## Eignaraðild

Hvalamiðstöðin á Húsavík er sjálfseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Stjórn Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með áritun sinni.

Húsavík, 25. júní 2015

**Stjórn:**

**Framkvæmdastjóri:**

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Húsavík, 25. júní 2015

**PricewaterhouseCoopers ehf**

| | |
|---|---|
| Ljósbrá Baldursdóttir<br>löggiltur endurskoðandi. | Rúnar Bjarnason,<br>löggiltur endurskoðandi. |

# Rekstrarreikningur ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Aðgöngumiðasala | | 26.007.747 | 25.791.790 |
| Sala minjagripa og bóka | | 9.452.482 | 9.681.313 |
| Aðrar tekjur | | 11.139.709 | 13.284.964 |
| Styrkir | 2 | 3.609.491 | 5.300.000 |
| | | 50.209.429 | 54.058.067 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 15.389.353 | 14.293.115 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 23.239.521 | 21.617.800 |
| Afskriftir | 5 | 2.448.355 | 2.448.355 |
| | | 41.077.229 | 38.359.270 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 9.132.200 | 15.698.797 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (3.358.484) | (4.540.560) |
| Vaxtatekjur og gengishagnaður | | 488.670 | 266.930 |
| | | (2.869.814) | (4.273.630) |
| **Hagnaður ársins** | | 6.262.386 | 11.425.167 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| Eignir | Skýr. | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 5 | | |
| Fasteign | | 82.475.472 | 83.355.525 |
| Áhöld og tæki | | 1.524.336 | 1.934.582 |
| Munir | | 1.855.969 | 1.903.158 |
| | | 85.855.777 | 87.193.265 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 85.855.777 | 87.193.265 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 2.023.985 | 1.337.519 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 2.877.748 | 694.216 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur | | 911.477 | 1.991.592 |
| Handbært fé | | 15.759.209 | 15.765.871 |
| | | 21.572.419 | 19.789.198 |
| **Eignir samtals** | | 107.428.196 | 106.982.463 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Stofnfé | | 21.049.374 | 21.049.374 |
| Óráðstafað eigið fé | | 39.528.462 | 33.266.076 |
| | | 60.577.836 | 54.315.450 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldbinding: | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 10 | 440.000 | 488.000 |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Skuldabréfalán | 8 | 38.823.209 | 43.292.708 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 877.064 | 599.013 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.319.158 | 3.167.960 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 8 | 4.342.929 | 5.071.332 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 10 | 48.000 | 48.000 |
| | | 7.587.151 | 8.886.305 |
| **Skuldir samtals** | | 46.850.360 | 52.667.013 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 107.428.196 | 106.982.463 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 9 | | |
| **Aðrar upplýsingar** | 10 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 6.262.386 | 11.425.167 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 2.448.355 | 2.448.355 |
| Aðrir liðir | | 484.041 | 1.411.917 |
| | | 9.194.782 | 15.285.439 |
| (Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (1.103.417) | 920.507 |
| Birgðir | | (686.466) | (314.286) |
| (Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (570.751) | 387.783 |
| | | (2.360.634) | 994.004 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 6.834.148 | 16.279.443 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 5 | (1.110.867) | (1.370.474) |
| | | (1.110.867) | (1.370.474) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | | (5.729.943) | (5.448.907) |
| | | (5.729.943) | (5.448.907) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (6.662) | 9.460.062 |
| Handbært fé í byrjun ársins | | 15.765.871 | 6.305.809 |
| **Handbært fé í árslok** | | 15.759.209 | 15.765.871 |
| Greiddir vextir og verðbætur | | 2.904.224 | 3.131.582 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

### 1.3 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ...................................................................................... | 50 ár |
| Áhöld, tæki og munir .................................................................... | 3 -50 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

### 1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2015. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 1.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins. Í árslok 2013 eru kröfur ekki niðurfærðar.

### 1.8 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 1.9 Birgðir

Birgðir eru vörur til endursölu og eru þær metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

## 2. Styrkir

Styrkir greinast þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Ríkissjóður ........................................ | 1.320.000 | 5.300.000 |
| Aðrir ........................................ | 2.289.491 | 0 |
| | 3.609.491 | 5.300.000 |

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Laun ........................................ | 12.686.640 | 11.781.768 |
| Launatengd gjöld ........................................ | 2.394.269 | 2.259.979 |
| Bifreiðastyrkur ........................................ | 308.444 | 251.368 |
| | 15.389.353 | 14.293.115 |

Félagið greiddi 11 starfsmönnum laun á árinu. Laun og þóknanir til stjórnenda námu um 7,7 mkr. á árinu.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

# Skýringar

## 4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð seldra vara** | | |
| Smávara til endursölu | 7.305.125 | 7.058.053 |
| Birgðabreyting | (686.466) | (314.286) |
| Flutningskostnaður | 68.341 | 62.351 |
| | 6.687.000 | 6.806.118 |
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Fasteignagjöld | 994.741 | 953.465 |
| Vátryggingar | 990.242 | 1.034.706 |
| Húsaleiga | 385.000 | 290.000 |
| Hiti og rafmagn | 3.003.246 | 3.055.547 |
| Kalt vatn | 189.773 | 85.282 |
| Öryggisgæsla | 180.189 | 67.325 |
| Hreinlætisvörur | 164.648 | 207.073 |
| Viðhald og rekstur húsnæðis | 1.724.853 | 1.431.325 |
| | 7.632.692 | 7.124.723 |
| **Áhalda- og tækjakostnaður** | | |
| Gjaldfærður búnaður | 176.730 | 433.888 |
| Rekstur tölvukerfa | 159.371 | 579.397 |
| Viðhald tækja og búnaðar | 182.397 | 47.141 |
| | 518.498 | 1.060.426 |
| **Sölu- og markaðskostnaður** | | |
| Auglýsingar og kynningarkostnaður | 1.191.471 | 726.654 |
| Kostnaður við Posa | 128.508 | 80.505 |
| Greiðslukortaþóknanir | 193.299 | 175.236 |
| Kostnaður við sýningar | 237.318 | 59.356 |
| Kostnaður vegna sjálfboðaliða | 170.047 | 206.625 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 478.435 | 0 |
| | 2.399.078 | 1.248.376 |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** | | |
| Prentun, pappír og ritföng | 748.603 | 950.193 |
| Blöð og tímarit | 28.290 | 69.529 |
| Sími | 369.752 | 215.282 |
| Póstburðargjöld | 102.687 | 41.919 |
| Fjárhagsbókhalds-, launa- og reikningsskilaþjónusta | 1.186.539 | 865.467 |
| Endurskoðun | 949.138 | 743.035 |
| Aðkeypt þjónusta | 1.397.472 | 1.552.370 |
| Þjónustugjöld banka | 70.650 | 92.023 |
| Rekstur kaffistofu | 96.504 | 342.185 |
| Ferðakostnaður | 514.557 | 175.374 |
| Félagsgjöld | 264.736 | 140.356 |
| Gjafir | 42.000 | 112.500 |
| Annar kostnaður | 231.325 | 77.924 |
| | 6.002.253 | 5.378.157 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 23.239.521 | 21.617.800 |

# Skýringar

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteign | Áhöld og tæki | Munir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Í árslok 2013:** | | | | |
| Kostnaðarverð | 99.545.933 | 4.053.935 | 2.359.426 | 105.959.294 |
| Afskriftir | (16.190.408) | (2.119.353) | (456.268) | (18.766.029) |
| Bókfært verð í árslok | 83.355.525 | 1.934.582 | 1.903.158 | 87.193.265 |
| **Í árslok 2014:** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 83.355.525 | 1.934.582 | 1.903.158 | 87.193.265 |
| Viðbætur á árinu | 1.110.867 | 0 | 0 | 1.110.867 |
| Afskrifað á árinu | (1.990.920) | (410.246) | (47.189) | (2.448.355) |
| Bókfært verð í árslok | 82.475.472 | 1.524.336 | 1.855.969 | 85.855.777 |

Innréttingar, safn, munir og frystigeymslur eru vátryggð fyrir kr. 90.955.000.

Fasteignir félagsins í árslok 2014 voru eftirtaldar:

| | Fasteigna-mat hús | Fasteigna-mat leigulóð | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hafnarstétt 1 | 59.850.000 | 9.330.000 | 253.350.000 | 82.475.472 |

## 6. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | **31.12.2014** | **31.12.2013** |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.596.733 | 934.766 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (718.985) | (240.550) |
| | 2.877.748 | 694.216 |

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 7. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Hreyfingar á árinu 2013:** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 21.049.374 | 21.840.909 | 42.890.283 |
| Hagnaður ársins | | 11.425.167 | 11.425.167 |
| Staða í árslok | 21.049.374 | 33.266.076 | 54.315.450 |
| **Hreyfingar á árinu 2014:** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 21.049.374 | 33.266.076 | 54.315.450 |
| Hagnaður ársins | | 6.262.386 | 6.262.386 |
| Staða í árslok | 21.049.374 | 39.528.462 | 60.577.836 |

# Skýringar

## 8. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum, vextir 5,5% verðtryggð | 36.810.707 |
| Skuldir í íslenskum krónum, vextir 8,5% óverðtryggð | 6.355.431 |
| | 43.166.138 |

Afborganir af langtímaskuld félagsins í árslok 2015 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2015 | 4.342.929 |
| Árið 2016 | 4.342.929 |
| Árið 2017 | 4.342.929 |
| Árið 2018 | 4.342.929 |
| Árið 2019 | 4.342.929 |
| Síðar | 21.451.492 |
| | 43.166.138 |

Langtímaskuldir samtals kr. 43,2 millj. koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir ársins 2015, færðar meðal skammtímaskulda | 4.342.929 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 38.823.209 |
| | 43.166.138 |

## 9. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

### Veðsetningar

Á fasteign félagsins hvílir þinglýst veð til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði um 43,2 milljónir króna í árslok 2014.

## 10. Aðrar upplýsingar

### Skuldbindandi samningar

Vegna kaupa Hvalamiðstöðvarinnar á gamla frystihúsi Kaupfélag Þingeyinga á Hafnarstétt ásamt tilheyrandi lóðarréttindum leigði kaupandi seljanda 150 fm. rými í húsinu til 25 ára. Samkomulag um leigu húsnæðisins er uppsegjanlegt af beggja hálfu hvenær sem er eftir 3 ár m.v. dagsetningu samkomulagsins og skal þá koma til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs hins selda, eins og segir í samkomulaginu.

Skuldbindingin greinist þannig í árslok:

| | **31.12.2014** | **31.12.2013** |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur færðar meðal langtímaskuldbindinga | 440.000 | 488.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur færðar meðal skammtímaskulda | 48.000 | 48.000 |
| | 488.000 | 536.000 |

Fyrirframinnheimtu tekjurnar vegna leigunnar munu koma til tekna á samningstímanum eða 25 árum. Á árinu 2015 munu fyrirframinnheimtar tekjur að fjárhæð kr. 48.000 koma til tekna í rekstrarreikningi Hvalamiðstöðvarinnar.

### Tekjuskattur

Félagið er undanþegið skattskyldu samkvæmt 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

# Skýringar

## 10. Aðrar upplýsingar, framhald

**Helstu kennitölur rekstrar**

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| **Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki:** | | |
| Veltufjárhlutfall | 2,84 | 2,23 |
| Eiginfjárhlutfall | 56,39% | 55,52% |
| | | |
| **Hlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum:** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 30,65% | 26,44% |
| Annar rekstrarkostnaður | 46,29% | 39,99% |
| | | |
| **Arðsemi** | | |
| Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), í þús. króna | 11.581 | 18.147 |
| Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), í % | 23,06% | 33,57% |